



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis

Reykjavík 1. nóvember 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands, mál nr. 239.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 11. október sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnuð verði sjálfstæð innlend mannréttindastofnun sem hafi það hlutverk að efla og vernda mannréttindi á öllum sviðum samfélagsins. Umboðsmaður barna er fylgjandi því að Mannréttindastofnun Íslands verði komið á fót og telur það mikilvægt framfaraskref.

Í frumvarpinu kemur fram að stofnuninni sé ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og að réttindagæsla fatlaðs fólks komi til með að verða hluti af Mannréttindastofnun Íslands.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem fullgiltur var fyrir Íslands hönd árið 2016, kveður á um að til staðar þurfi að vera sjálfstæð innlend mannréttindastofnun sem hafi eftirlit með samningnum, sbr. 2. mgr. 33. gr. samningsins. Í greinargerð með frumvarpi um Mannréttindastofnun Íslands kemur fram að tilvist slíkrar stofnunar sé talin forsenda þess að hægt sé að lögfesta samninginn hér á landi.

Að mati umboðsmanns barna er mikilvægt að frumvarp þetta nái fram að ganga og að tryggt verði að allar forsendur séu til staðar fyrir lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Lögfesting samningsins yrði jákvætt og afar mikilvægt skref í þá átt að tryggja betur réttindi fatlaðs fólks þar á meðal fatlaðra barna sem mæta oft hindrunum í samfélaginu, svo sem hvað varðar menntun, félagslega þátttöku og önnur tækifæri. Með lögfestingu samningsins yrði einnig hægt að byggja á honum með beinum hætti fyrir dómstólum.

Í 6. gr. frumvarpsins er fjallað um ráðgjafarnefnd Mannréttindastofnunar Íslands. Þar kemur fram að markmiðið með ráðgjafarnefndinni sé að tryggja að fjölbreyttur hópur hagsmunaaðila komi að starfi stofnunarinnar og að þau endurspegli samfélagið sem best í samræmi við Parísarviðmið Sameinuðu þjóðanna. Í 1. mgr. 6. gr. er lagt til að ráðgjafarnefndin verði skipuð af stjórn Mannréttindastofnunar Íslands til þriggja ára í senn.

Í 2. mgr. 6. gr. er fjallað um hvernig velja skuli fulltrúa í ráðgjafarnefndina. Kemur þar fram að stjórn Mannréttindastofnunar Íslands skuli auglýsa opinberlega eftir fulltrúum sem hafi áhuga á að eiga sæti í ráðgjafarnefndinni. Í ákvæðinu eru jafnframt taldir upp ákveðnir aðilar sem ávallt skulu eiga fulltrúa í nefndinni.

Í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er auglýst opinberlega eftir fulltrúum í ráðgjafarnefndina en hvorki stofnanir né félagasamtök eiga þar fasta fulltrúa. Eina undantekningin er í Noregi en þrjú embætti umboðsmanna eiga fast sæti í ráðgjafarnefnd Norsku mannréttindastofnunarinnar, það eru umboðsmaður Alþingis, umboðsmaður barna og umboðsmaður jafnréttismála sbr. 3. mgr. 9. gr. laga um sjálfstæða mannréttindastofnun (n. Lov om Norges institusjon for menneskerettigheter).

Umboðsmaður barna telur rétt að lagt verði mat á það hvort ákjósanlegt sé að fara leið annarra Norðurlanda þar sem almennt er auglýst opinberlega eftir öllum fulltrúum í ráðgjafarnefndir mannréttindastofnana.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna